



Vorskýrsla 2018



Ábyrgðarmaður:

Hanna Dóra Björnsdóttir

Innihald

Inngangur	4
Skólaárið 2017-2018	5
Áheitahlaup	6
Árshátíð 1.-6. bekkjar.....	7
Árshátíð eldri nemenda	8
Bókasafn Varmahlíðarskóla	8
Starfsskýrsla veturinn 2017 - 2018.....	8
Sumarlestur 2017.....	10
Byrjendalæsi.....	11
Danmerkurferð 10. bekkjar	12
Endurmenntun	12
Fræðsla innan skólans	13
Ráðstefnur, námsferðir og námskeið utan skólans.....	13
Félagsmál 1.-6. bekk	14
Félagsmál 7. - 10. bekk	14
Frá Foreldrafélagi Varmahlíðarskóla	15
Gaman saman	16
Heilsueflandi grunnskóli	17
Heilsugæsla	17
Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk.....	18
Náms og starfsráðgjöf	19
Nemendaráð	19
Nýsköpunarkeppni grunnskóla.....	20
Eineltisáætlun Olweusar.....	21
Sérkennsla og stuðningur við nemendur	21
Náms- og starfsráðsgjafi.....	22
Nemendaverndarráð	22
Talmeinafræðingur	23
Sálfræðingur.....	23
Skólablaðið.....	23
Skólahreysti	24
Stóra upplestrarkeppnin.....	24
Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans Tröllaskaga.....	25
Sveitadagar vorið 2018.....	25
Tölvu- og upplýsingatækni.....	26
Valgreinar í 8. – 10. bekk.....	26

Vinaliðaverkefnið.....	28
Vorferð 1.-4. bekkjar	29
Vorferð 5. og 6. bekkjar	29
Vorferð 7. og 8. bekkjar	30
Vorferð 9. bekkjar	30
Þróunarverkefni	31
Forritun – Forritarar framtíðarinnar	31
Leiðin að leiðsagnarmati í stærðfræði – yngsta stig.....	31
Lestrarstefna Skagafjarðar.....	32

Inngangur

Vorskýrsla er hluti af skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Í vorskýrslunni (ársskýrslu skólaársins) er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2017-2018. Vorskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess. Skýrslan er nokkurs konar svörun við starfsáætlun skólans frá hausti og samantekt á hvernig unnist hefur úr markmiðum og áformum sem þar var lagt upp með. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig má ávallt nálgast á heimasíðu ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans.

Í vorskýrslunni birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Höfunda er getið við hverja greinagerð. Ragnheiði Sövik er þökkueð verkstjórn og ut anumhald um efnisöflun í skýrsluna auk yfirlesturs á skýrslunni allri.

Stjórnendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla þakkar öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2017-2018 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

Skólaárið 2017-2018

Í Varmahlíðarskóla takast skagfirsk börn á við metnaðarfull verkefni, bæði í leik og starfi. Við væntum þess að skólastarfið sé framsækið en skólinn fái samt notið sjarma sinnar sérstöðu sem sveitaskóli. Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi.

Skólinn var settur við hátíðlega athöfn 23. ágúst. Skólastjóri ávarpaði gesti og bauð nemendur í 1. bekk sérstaklega velkomna. Sú nýbreytni varð í haust að sveitarfélögin tóku ákvörðun um að útvega nemendum öll nauðsynleg námsgögn í skólanum. Því þurftu nemendur ekki lengur að hafa meðferðis pennaveski eða stílabækur, möppur eða gráðuboga. Nemendum 1. bekkjar var við skólasetningu afhentur merktur vatnsbrúsi að gjöf sem er vegna frumkvæðis heilsueflandi teymisins í skólanum.

Vorið 2018 voru nemendur skólans 110 talsins. Teymiskennsla var að hluta til í 1.-2. bekk og 3.-4. bekk. Samkennsla var í 5.-6. bekk.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	2	5	7	Birgitta Sveinsdóttir og Þyrey Hlífarsdóttir
2.	8	5	13	Birgitta Sveinsdóttir og Þyrey Hlífarsdóttir
3.	3	4	7	Sara Gísladóttir og María Eymundsdóttir/Hafdís G. Skúladóttir
4.	6	7	13	Sara Gísladóttir og María Eymundsdóttir/Hafdís G. Skúladóttir
5.	5	4	9	Kristvina Gísladóttir
6.	3	3	6	Kristvina Gísladóttir
7.	7	6	13	Sigrún Benediktsdóttir
8.	8	3	11	Helga Sigurðardóttir
9.	7	8	15	Trostan Agnarsson
10.	5	11	16	Ólafur Atli Sindrason
Samtals	53	55	110	

Starfsmenn skólans voru 38 á skólaárinu að meðtöldum starfsmönnum íþróttamiðstöðvar Varmahlíðar. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar með réttindi voru 17 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi við list- og verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu urðu 13,5 eftir smá viðbót á haustmánuðum. Stuðningsfulltrúum fjölgaði í fjóra í 3,25 stöðugildum. Skólaliðar voru fimm í 3,7 stöðugildum. Einn þroskajálfi var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 80% starfi

og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,43 stöðugildum. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar voru fjórir, þar af er forstöðumaður íþróttamiðstöðvar í 100% starfi. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi voru þrír í 2,4 stöðugildum.

Anita Ómarsdóttir hóf störf í mötuneyti í ágúst. Hún kom í stað Guðrúnar Ólafsdóttur sem við þökkum fyrir góð störf á liðnum árum. Kristvina Gísladóttir kom úr barneignarleyfi en ákvað að taka sér hlé í vetur frá stjórnunarstörfum í skólanum. Lára Gunndís Magnúsdóttir gegndi áfram stöðu aðstoðarskólalastjóra til vors. Hafdís Guðlaug Skúladóttir var í veikindaleyfi en kom aftur til starfa að hluta til í marsmánuði.

Skólaárið var tvískipt, í haust- og vorönn sem lauk hvorri um sig með námsmati. Skólastarfið var fjölbreytt að vanda og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Fjórir nemendur komust áfram í úrslit Nýsköpunarkeppni grunnskólanna með tvær hugmyndir. Tveir þeirra unnu Tæknibikar Pauls Jóhannssonar fyrir framúrskarandi tæknilega útfærslu á hugmynd sinni, auk þess sem þeir hlutu hvor sinn farsíma.

Við áttum tvo fulltrúa í úrslitum í stærðfræðikeppni 9. bekkjar.

Skólaslit og útskrift nemenda fór fram við hátíðlega athöfn í Miðgarði þann 30. maí, að viðstöddu fjölmenni. Útskriftarnemendur tóku við útskriftarskírteinum og veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Skólasöngurinn var sunginn við góðar undirtektir. Að athöfn lokinni var gestum boðið til hefðbundins kaffisamsætis í mötuneyti skólans.

Varmahlíð, vor 2018

Hanna Dóra Björnsdóttir, skólalastjóri

Áheitaþlaup

Þann 30. apríl hlupu nemendur 7. og 8. bekkjar áheitaþlaup, í þetta sinnið til styrktar Krabbameinsfélags Skagafjarðar. Nemendur fengu óvenju langan tíma til að safna, sem er ekki endilega til bóta því tímapressa er af því góða í svona verkefnum. Nemendur voru flestir mjög áhugasamir og sóttust fast eftir skipulagi á hver færi hvar. Hlaupið gekk afar vel, jafnvel betur en áður því síðustu hlauparar mættu aftur í skólann 1 klst. og 15 mín. fyrir en fyrir tveim árum, kl. 18:00. Því má þakka að hlaupastaðsetningin miðaðist alltaf við fyrstu hlauparana og tók þetta þess vegna styttri tíma. Saman söfnuðust kr. 900.000 kr. sem nemendur og kennarar afhentu 8. maí.



Íris Olga Lúðvíksdóttir

Árshátíð 1.-6. bekkjar

Árshátíð 1.-6. bekkjar var haldin 30. nóvember kl. 16:30 í Miðgarði. Sýnt var leikritið Í Ævintýralandinu eftir Guðjón Karlsson. Leikstjórar voru Kristvina Gísladóttir og Helga Rós Sigfúsdóttir. 1.-2. bekkur voru með íþróttaálfasprell, sungu, dönsuðu og sýndu íþróttaatriði og 3.-6. bekkur sýndi leikritið Í Ævintýralandinu eftir Áshildi Cesil Þórðardóttur þar sem gömlu ævintýrin eru fléttuð saman á óvæntan hátt.

Nemendur í 5. og 6. bekk léku aðahlutverkin í sýningunni.

Aðgangseyrir var 2.000 kr. fyrir 16 ára og eldri og 1.000 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri utan Varmahlíðarskóla.

Kaffiveitingar voru í Miðgarði að sýningu lokinni.

Sara Gísladóttir





Árshátíð eldri nemenda

Árshátíð eldri nemenda var með aðeins breyttu sniði þetta árið þar sem tvær sýningar voru haldnar í Menningarhúsinu Miðgarði. Fimmtudaginn 11. janúar kl. 17:00 var frumsýningin og eftir hana var veislukaffi í Varmahlíðarskóla. Föstudagskvöldið 12. janúar kl. 20 var önnur sýning en á þá sýningu var boðið upp á ferðir með frístundastrætó sem margir nýttu sér. Að þessu sinni var settur upp söngleikurinn *Hairspray* í leikstjórn Helgu Rósar Sigfúsdóttir. Erlent handrit af söngleiknum fengum við af netinu en Íris Olga og Árni Friðriksson sáu um þýðingu þess. Allir nemendur í 7. - 10. bekk tóku þátt í uppsetningunni.

Sviðsmenn voru Helgi Mednis Guðmundsson, Júlíus Guðni Kuhne Sveinsson, Brynjar Blær Freysteinnsson og Máni Baldur Mánason. Tæknimenn voru Einar Örn Einarsson, Stefán Gísli Haraldsson, Jóel Agnarsson og Kristinn Örn Guðmundsson. Sviðsmynd gerði Íris Olga Lúðvíksdóttir ásamt nemendum 7. - 10. bekkjar og starfsfólki skólans. Nemendur útveguðu að mestu búninga sjálfir en eitthvað var fundið til í búningageymslu skólans sem og fengið að láni frá ýmsum aðilum. Undirspil af lögunum fengum við af netinu. Nemendur 10. bekkjar sömdu dansana við lögin. Sigrún Benediktsdóttir gerði leikskrána. Miðinn á fyrri sýninguna var seldur á kr. 2.500 fyrir 16 ára og eldri og 1.000 kr. fyrir grunnskólanemendur utan Varmahlíðarskóla. Á seinni sýninguna kostaði miðinn 1.500 og 1.000 kr. Árni Gunnarsson tók sýninguna upp og að þessu sinni var sýningin sett á Youtube.

Ball var haldið í Miðgarði eftir seinni sýninguna til kl. 00:30 fyrir 7. - 10. bekk og boðið var upp á ferðir með frístundastrætó eftir dansleik. Hljómsveit hússins sáu um tónlistina og kostaði kr. 1.500 inn á ballið.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Starfsskýrsla veturinn 2017 - 2018

Bókasafnið var opið allan skóladaginn, þriðjudag og miðvikudag og eftir hádegi á fimmtudögum. Þá gátu nemendur skólans og starfsfólk fengið bækur að láni. Nemendur 1. – 4. bekkjar fengu bókakassa lánaða til að hafa í stofunum og var skipt um þá annað slagið. Einnig fengu margir bekkir tímaritaöskjur að láni til skemmri tíma og var Andrés Önd vinsælastur. Safnið var



Bókasafn Varmahlíðarskóla

opið fyrir almenning eftir hádegi á fimmtudögum kl. 14:00 – 16:00 og voru það allnokkrir sem nýttu sér það, þó að ýmsir kæmu á öðrum tímum sem hentuðu þeim betur.

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðirita, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkuð er til af hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit, myndbönd og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1. - 6. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Einnig er safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar og kennslu minni hópa. Listaverk eftir nemendur, unnin í myndmennt, eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur 1.- 4. bekkjar unnu að ýmsum safnaverkefnum og hlustuðu á sögur, auk myndgerðar. 5. og 6. bekkjar unnu ýmis verkefni m.a. í spjaldtölvum t.d. verkefni um fugla og glærukynningu um bæinn sinn/húsið sitt.



Nemendur á miðstigi voru afar duglegir að fá bækur að láni á safninu. Mjög misjafnt er eftir bekkjardeildum hve börnin eru dugleg að lesa og virðist þar hvatning bekkjarkennara hafa mikið að segja. Haldið var upp á *Bangsadaginn* miðvikudaginn 25. október. Þá komu margir bangsar (og ýmis önnur kvikindi) og eigendur þeirra í heimsókn á bókasafnið.

Safnið tók þátt í *Norrænu bókasafnavikunni*, 11. – 19. nóvember, og var þemað í ár *Eyjar á Norðurlöndunum*.

Vakin var athygli á þeim bókum og höfundum sem fengu viðurkenningar um veturinn og atburðum tengdum

bókum.

Áttunda árið í röð bauð IBBY á Íslandi til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna Alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Að þessu sinni var það smásagan *Pissupása* eftir Ævar Þór Benediktsson sem var lesin upp í útvarpi allra landsmanna og söfnuðust nemendur og starfsfólk saman í setustofunni til að hlusta.

Nemendur 3. – 6. bekkjar tóku þátt í rafrænni atkvæðagreiðslu vegna Verðlaunahátíðar barnanna SAGNA sem fram fór í Eldborg sunnudaginn 22. apríl. Krakkar á aldrinum 6-12 ára um allt land kusu sitt uppáhald. Verðlaun voru veitt fyrir tónlist, leiklist, sjónvarp og síðast en ekki síst barnabókmenntir.

Lestraráttak stóð yfir í skólanum í allan vetur eins og fyrr segir. Þá tóku nemendur 3. og 4. bekkjar þátt í jólabókalestarspretti og Ævintýrabókalestri Bókaútgáfunnar lðnú.

Vakin var athygli á bókum þeirra höfunda sem voru efst á baugi hverju sinni t.d. þeirra sem hlutu viðurkenningar.

Í sumar verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, og er nemendum 1.- 5. bekkjar boðið að taka þátt í svokölluðum *sumarlestri*. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímann því það er viðurkennd staðreynd að þeim sem eru að læra að lesa fer oft aftur á sumrin. Verður þetta í fimmtánda sinn sem boðið er upp á sumarlestur og almennt

hefur verið gerður góður rómur að þessu verkefni. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.

Næsta vetur er stefnt að því að vinna með bekkjarkennurum að verkefna- og þemavinnu ýmiss konar, þar sem safnið verði nýtt betur til upplýsingaleitar og heimildavinnu ýmiss konar.

Bókasafnið var opið sem hér segir:

Þriðjudaga kl. 8:20 – 14:00

Miðvikudaga kl. 8:20 – 15:00

Fimmtudaga kl. 12:00 – 16:00 (kl. 14:00 – 16:00 fyrir almenning)

Útlán veturinn 2017 - 2018

Útlán fóru fram í landskerfi bókasafna, Gegni og voru þau alls 1.690. Einnig voru all margar bækur fengnar í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagfirðinga.

Sumarlestur 2017

Sumarið 2017 var í fjórtánda sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1. - 5. bekk og markmiðið að hvetja yngri nemendurnar til að lesa að sumrinu því kannanir hafa leitt í ljós að börnum sem eru að læra að lesa fer mjög oft aftur í lestri á sumrin.

Nemendur voru sendir heim með kynningarbréf og þátttöku-tilkynningu, þar sem foreldrar voru beðnir að vera með í ráðum og hvetja börnin til að taka þátt, auk þess að hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið um hve mikið þau ætluðu að lesa.

39 nemendur skráðu sig til leiks og af þeim tóku 32 virkan þátt og stóðu við sett markmið. Alls lásu þessir 32 nemendur tæplega 30.413 s. eða rúmlega 950 s. að meðaltali sem er svipað og sumarið áður.

Þau börn sem tóku þátt fengu send viðurkenningarskjöl, litla gjöf og gjafabréf fyrir ís að eigin vali sem K.S. Varmahlíð var svo vinsamlegt að gefa. Ekki voru veittar sérstakar viðurkenningar þeim sem lásu mest en verður það tekið til athugunar næsta haust.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var mjög góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Skráð útlán voru alls 227. Auk þess lásu nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar.

Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og boðið verður upp á hann aftur sumarið 2018 með örlítið breyttu sniði, því þá gefst nemendum kostur á að skila bókaskrá í spjaldtölvu í appinu Book Creator.



*Varmahlíðarskóla 30.06. 2018
Ragnheiður Sövik*

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1.-4. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss tvo daga í viku, þá einn stafur í senn.

Á mánudögum byrjuðu bekkirnir lestur bókarinnar. Á miðvikudögum var stöðvavinna með ýmiss konar verkefnavinnu. Á þriðjudögum var spjallað um bókina og síðan fórum við í hópaverkefni. Á fimmtudögum sýndum við afrakstur vinnu nemenda frá þriðjudeginum. Þegar það átti við var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Á þriðjudögum voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur eða bréfaskrift. Stundum var fönðrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestursbókum einu sinni á dag og var það eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi.



Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sara Gísladóttir



Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 21. maí og komið aftur til Reykjaness þann 24. maí. Með í för ásamt 10. bekkjum, 16 talsins, voru Ólafur Atli Sindrason umsjónarkennari og fararstjóri, Unnur Sveinbjörnsdóttir grunnskólakennari og Hafdís Edda Stefánsdóttir skólaliði.

Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 24:21 þann 21. maí áleiðis til Keflavíkur og komið þangað rétt um kl. 5.30 um morguninn 21. maí, en stutt stopp var tekið í Olís í Borgarнесi á leiðinni. Þó komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni. Færðin var slæm – mikið krap á heiðum og skaflamyndun.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins.

Gist var á DanHostel City hosteli - í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð – en stærðin er heldur til trafala. Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið. Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Experimentarium, Ripley's (furðusafnið), Blá Planet sæðýrasafnið o.fl. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymdu Strikinu. Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og farastjórar afar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 01.30 þann 25. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl. 06.00.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Ólafur Atli Sindrason

Endurmenntun

Allt starfsfólk Varmahlíðarskóla tók þátt í sameiginlegum fræðsludegi leik-, grunn- og tónlistarskóla sem haldinn var 15. ágúst í Miðgarði, Varmahlíð. Fyrri hluti fræðsludagsins var skipulagður af Fræðsluþjónustu Skagafjarðar og var sameiginlegur fyrir allt starfsfólk skólanna en skólarnir sáu sjálfir um dagskrá fyrir sitt fólk eftir hádegi. Herdís Á. Sæmundardóttir setti fræðsludaginn og kynnti dagskrá sem fól í sér þrjú stutt erindi, smá sprell og fyrirlestur Elísu Guðnadóttur sálfræðings um álag, streitu og streitustjórnun, hvernig lifa eigi veturinn af. Selma Barðdal kynnti fræðsluþjónustu (bækling) sem er í vinnslu. Helga Harðardóttir gerði grein fyrir stöðu ytra mats í skólum og Sigurlaug Brynleifsdóttir og Anna Steinunn Friðriksdóttir kynntu Lestrarstefnu Skagafjarðar. Eftir hádegi fékk starfsfólk grunnskólanna kynningu á Starfamessu og síðan stýrði Ingvi Hrannar Ómarsson kennsluráðgjafi vinnustofum í upplýsingatækni til undirbúnings skólaárinu (Tæknifærni / Google grunnatriði / Apple – Mac grunnatriði) með aðstoð Bergmanns Guðmundssonar og Álfhildar Leifsdóttur.

Á starfsdegi, 20. apríl fór starfsfólk í skólaheimsóknir til Akureyrar. Fjórir skólar voru heimsóttir það voru Giljaskóli, Glerárskóli, Lundarskóli og Síðuskóli. Hópurinn var tvískiptur og fór hvor um sig í tvo skóla. Farið var í Háskólann á Akureyri og hlustað á eitt erindi í Miðstöð skólaþróunar áður en haldið var heim á leið með smá viðkomu á einum stað til efla hópinn og léttu lundina. Skólarnir kynntu helstu áherslur sínar og má m.a. nefna þróunarverkefni í stærðfræðikennslu á miðstigi, teymiskennslu, útikennslu, agastefnurnar Jákvæður agi, uppbyggingarstefna og SMT skólafærni.

Fræðsla innan skólans

Grunnskólarnir héldu sameiginlegan „mini“ UTÍS endurmenntunardag í upplýsingatækni fyrir allt starfsfólk skólanna þann 9. október. Ingvi Hrannar sá um undirbúning og skipulag. Dagskráin fól í sér erindi og stuttar vinnustofur með erlendum leiðbeinendum í bland við heimafólkið. Dagurinn heppnaðist afskaplega vel og var lærdómsríkur fyrir alla. Stjórnendur skólanna hafa lýst vilja sínum til að endurtaka álíka endurmenntunardag á komandi skólaári.

Tveir kennarar yngsta stigs, Birgitta og Þyrey, héldu áfram námi í Byrjendalæsi og kláruðu tveggja ára námskeið þess í vor. Lára Gunndís lauk einnig tveggja ára leiðtoganámskeiði verkefnisstjóra Olweusar í maí.

Á haustþingsdegi kennara, þann 6. október, hélt Farskólinn fræðsludag fyrir starfsfólk grunnskólanna. Ólafur Gunnar Sæmundsson var með námskeið í næringarfræði og mataræði og Sigríður Ólafsdóttir fjallaði um andlega vellíðan í starfi og hvernig hægt væri að efla farsæld og eigin vellíðan.

Á skipulagsdegi í janúar var sameiginlegur Gaman Saman fræðslufyrirlestur fyrir starfsfólk Varmahlíðarskóla og Birkilundar. Sigurjón Þórðarson tók fyrir „Liðsfélaginn ég og liðsheildin“.

Fjórir kennarar, aðstoðarskólastjóri og þroskaþjálfari fóru í Árskóla 10. apríl og hlýddu á fyrirlestur Ragnheiðar Jónu Laufdal Aðalsteinsdóttur kennara um *Trans börn og ungmenni á Íslandi* þar sem hún miðlaði reynslu sinni af því að kenna transnemanda.

Ráðstefnur, námsferðir og námskeið utan skólans

Þrír kennarar (Unnur, Íris og Helga Rós) sóttu UTÍS 2017 dagana 10.-11. nóv. UTÍS er ráðstefna, vinnu- og menntabúðir um upplýsingatækni í skólastarfi, haldin fyrir kennara og skólafólk til að ræða saman um skólaþróun og upplýsingatækni og deila reynslu sinni af því sem það telur vera best fyrir nám og kennslu. Fyrirlesarar voru bæði erlendir og íslenskir.

Einn kennari og deildarstjóri stoðþjónustu fóru á ETT ráðstefnuna í Birmingham í mars. Kynntu sér þar kennslugögn og skoðuðu stóra handverkssýningu sem var á sama tíma í borginni.

Í síðustu viku nóvember komu danskir kennarar í heimsókn frá Ullerup Bæk Skolen í Fredericia. Markmið þeirra var að kynna sér íslenskt skólastarf og tóku tveir kennarar þátt í kennslu með okkar kennurum hér þessa viku. Danirnir voru hluti af stærri hóp kennara, skólastjóra kennsluráðgjafa sem heimsóttu alla skólana í Skagafirði. Fræðsluþjónusta Skagafjarðar sá um skipulag og ut anumhald heimsóknarinnar. Tveir kennarar (Trostan og Unnur) ásamt

skólastjóra fóru síðan til Frederica í apríl í níu manna föruneysi með kennurum hinna skólanna í Skagafirði ásamt tveimur starfsmönnum fræðsluþjónustu. Tilgangur ferðarinnar var að kynna kennsluáðferðum og starfsháttum í Ullerup Bæk Skolen þar sem skagfirsku kennararnir voru að endurgjalda „jobshadowing“ heimsóknir dönsku kennaranna frá því í nóvember. Áhersla var lögð á að kynna sér sérstaklega stöðu og áherslur í upplýsingatækni og notkun Chromebook. Aðferðir við bekkjarstjórnun og notkun LEGO við nám og kennslu. Sérstök ferð var farin í nýja kennslusetrið LEGO huset í Billund.

Hanna Dóra Björnsdóttir

Félagsmál 1.-6. bekk

Félagsmál 1. - 6. bekkjar snúast að mestu leyti um bekkjarskemmtanir og árshátíðina. Bekkjarskemmtanir eru haldnar tvisvar á skólaári; einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Á þessum skemmtunum koma nemendur með veitingar eða útbúa ásamt kennara sínum. Farið er í allskonar leiki og/eða horft á mynd. Hver umsjónarkennari skipuleggur þær með sínum nemendum. Flestar skemmtanir eru haldnar eftir skóla. Árshátíð yngri nemenda var haldin í nóvember og þar tóku allir nemendur í 1.-6. bekk þátt í sameiginlegri leiksýningu. Á eftir sýningu var diskótek og kaffiveitingar.

Sara Gísladóttir

Félagsmál 7. - 10. bekk

Veturinn 2017-2018 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur og er það skipað 10 nemendum úr 7. - 10. bekk. Þeir nemendur sem buðu sig fram í 7. - 9. bekk héldu sínar framboðsræður fyrir sína bekki og var svo kosið í hverjum bekk. Þeir nemendur í 10. bekk sem buðu sig fram til formanns, héldu sínar framboðsræður fyrir alla nemendur í 7. -10. bekk, sem síðan kusu formenn nemendaráðs.

Nemendaráð 2017-2018: Guðmundur Smári Guðmundsson (formaður)
Jódís Helga Káradóttir (formaður)
Aníta Ýr Atladóttir (varamaður)
Freydís Þóra Bergsdóttir (varamaður)
Leó Einarsson
Hafsteinn Máni Björnsson (varamaður)
Einar Kárasen
Óskar Aron Stefánsson (varamaður)
Lilja Diljá Ómarsdóttir
Hrafn Helgi Gunnlaugsson (varamaður)

Nemendaráð sá um skipuleggja félagsmál og diskótek ásamt Sólrúnu Jónu Ásgeirsdóttur sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Einn starfsmaður frá Húsi

frítímans kom svo til aðstoðar á félagsmáladögum. Að jafnaði voru félagsmál annan hvorn fimmtudag. Þá voru félagsmálin annað hvort kl. 16-18 eða kl. 16-21, en þá var oftast einhver keppni á milli bekkja kl. 16-18, matur kl. 18-18:30 og svo diskótek til kl. 21.

Ýmislegt var brallað í vetur. Farið var í Paint ball, ullarsokkafótbolta og leiki í íþróttahúsi. Kósýspjall, bíó, Playstation, spil, sykarpúðaát og brjóstsykursgerð í skólanum. Keppnir á milli bekkja er orðin fastur liður, fótbolti, dodgeball, körfubolti og bandý er á meðal keppna sem fram fóru í vetur. Lokadagur félagsmála var svo 17. maí. Byrjuðum við á þrautabrautarkeppni á milli bekkja uppá íþróttavelli, borðuðum svo grillaða hamborgara sem foreldrafélag Varmahlíðarskóla sá um. Enduðum svo á sundlaugarpartýi í sundlaug Varmahlíðar með tónlist og fjöri til kl. 21.

Nemendur 8. - 10. bekk tóku einnig þátt í ýmsum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar. Halloweenball á Hofsósi, jólaball og söngkeppni í Miðgarði, Norður-Org á Sauðárkróki, stóra Samfés í Reykjavík og árshátíð Friðar í Ljósheimum eru á meðal þeirra viðburða. Þá fóru formenn nemendaráðs á landsmót Samfés á Egilsstöðum ásamt fleirum frá félagsmiðstöðinni Friði.

Hús frítímans bauð upp á í vetur, eins og síðustu ár, að nemendur frá 4. bekk og uppúr, kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar. Einnig gekk skíðastrætó í Tindastól þegar þannig viðraði. Frístundastrætó gekk frá janúarbyrjun til aprílloka á föstudögum kl. 13:20-17:00.

Sólrún Jóna Ásgeirdóttir

Frá Foreldrafélagi Varmahlíðarskóla

Starfsemin á liðnu starfsári var með hefðbundnu sniði. Aðalfundur félagsins var haldinn 3. október 2017. Helga Sjöfn Helgadóttir gekk úr stjórn og í hennar stað kom Birna Valdimarsdóttir, sem tók að sér formennsku í félaginu á fyrsta stjórnarfund. Auk hennar eru í stjórninni Atli Már Traustason ritari og Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri. Varamenn eru Guðrún Kristín Eiríksdóttir og Vagn Þormar Stefánsson. Kosnir voru bekkjarfulltrúar úr öllum bekkjum og var stjórn falið að kanna hvort ekki væri sterkur leikur að kjósa fulltrúa frá 2 heimilum næst til að ná enn frekari virkni í hóp fulltrúanna. Í öskudagsnefnd voru kosnir foreldrar úr 5. bekk, Guttormur og Kristín Halla, Grænumýri, Óskar og Hafdís, Varmahlíð, og Bjarni og Laufey, Varmahlíð. Í skólaráð voru kosnar Laufey Leifsdóttir og Laufey Haraldsdóttir og til vara Kristvina Gísladóttir. Rætt var um að nauðsynlegt væri að endurnýja aðstöðu til körfubolta- iðkunar á lóð skólans. Ákveðið var að hækka félagsgjöld í 3.000 kr. á heimili. Leikhúsmiðar voru niðurgreiddir fyrir 1.-6. bekk á leiksýninguna Hrói Höttur hjá Leikfélagi Sauðárkróks, aðventu- hátíð var haldin í lok nóvember undir stjórn bekkjarfulltrúa og öskudagsnefndin hélt utan um hátíð í íþróttahúsinu á öskudaginn. Á lokadegi félagsmála grillaðu foreldrar ofaní mannskapinn og foreldrafélagið styrkti daginn eins og verið hefur. Síðasta skóladag kom Einar Mikael töframaður í boði foreldrafélagsins og skemmti nemendum. Fundað var með foreldraráði leikskóla og einnig með samráðsnefnd sveitarfélaganna og fræðslunefnd um framtíðarskipulag skólasamfélagsins í Varmahlíð. Á þeim fundum var því komið á framfæri að brýn þörf er á að

taka ákvarðanir um framtíðarplön í húsnæðismálum bæði grunnskóla og leikskóla í Varmahlíð. Varmahlíðarskóli þarf sárlega á talsverðu viðhaldi að halda og leikskólinn er nú til húsa í þremur húsum sem er afar ópraktískt og í ofanálág er aðstaða starfsfólks engan veginn viðunandi. Áfram verður unnið í þessum málum á komandi misserum.

Stjórn Foreldrafélags Varmahlíðarskóla

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Markmiðið er að leikskólabörnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans.

Í ár var ein nýjung í samstarfinu sem fólst í því að búið var til sameiginlegt Google skjal sem allir kennarar Varmahlíðarskóla og Steinunn höfðu aðgang að og þar var hægt að skrifa við hvern bekk skipulag vetrarins með skólahóp. Með þessu vorum við að koma til móts við raddir kennara um að þeir fengju að skipuleggja sína tíma með skólahópnum sjálfir. Verkefnið gekk ágætlega, fór dálítið stirðlega af stað, en gekk betur þegar leið á veturinn.

Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópurinn hefur fengið að koma á lokaæfingu fyrir árshátíð yngri nemenda og 1. bekkur farið á útskrift skólahóps.

Að vori koma börnin úr skólahóp leikskólans ásamt foreldrum í heimsókn í skólann, ganga um allan skólann og sjá það sem um er að vera. Einnig fer væntanlegur umsjónarkennari 1. bekkjar að hausti í heimsókn niður á leikskóla til að kynna sig fyrir væntanlegum nemendum.

Teljum við þetta verkefni hafa gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.



Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir



Heilsueflandi grunnskóli

Í heilsueflandi teymi sitja: Bryndís Bjarnadóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir, Sigfríður Halldórsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir og fulltrúi foreldra er Laufey Haraldsdóttir. Fulltrúar nemenda voru Guðmundur Smári Guðmundsson og Ásta Aliya Friðriksdóttir.

Tvær vatnsvélar voru teknar í notkun í skólanum. Þær eru staðsettar á göngum skólans á sitt hvorri hæðinni. Með tilkomu þeirra hafa nemendur aðgengi að köldu og góðu vatni allan daginn. Við skólasetningu fengu allir nemendur vatnsbrúsa til eignar og notkunar á skólatíma. Með vatnsvélunum er aukin hvatning til vatnsdrykkju sem er af hinu góða.

Í skólabyrjun voru hreyfidagar þar sem boðið var upp á hreyfingu af ýmsu tagi. Eldri nemendur fóru á Sauðárkrók og kynntu sér siglingar, körfubolta og strandblak. Yngri nemendur notuðu hluta dags í hjólaferð niður í Vallhólma auk þess sem þau fóru í leiki og ýmsa hreyfingu á skólalóðinni. Hreyfidagar heppnuðust vel og var þetta góð byrjun á skólaárinu.

Danskennsla allra nemenda var í desember, tímasett að hluta til í tengslum við árshátíðarvinnu eldri nemenda. Að loknu fjögurra daga námskeiði var haldin danssýning í íþróttahúsinu. Gerð var tilraun með tækjalausar frímínútur einu sinni í viku og tækjalaus félagsmál einu sinni. Er það góð tilraun til betri samskipta nemenda án snjalltækja.

Markmið vetrarins var nemendur. Þorgrímur Þráinsson kom og talaði við nemendur um lífið og tilveruna. Nemendur 9. bekkjar fóru í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal. Það er í fyrsta sinn sem hópur úr Varmahlíðarskóla fer þangað og tókst ferðin afar vel. Nemendur höfðu á orði við heimkomuna að þetta yrðu allir að prófa.

10. bekkur heimsótti eldri borgara á Löngumýri fyrir áramót. Þar lásu nemendur og tóku í spil. 7. bekkur fór á vordögum og las upp fyrir eldri borgara á Löngumýri, texta sem nemendur höfðu æft fyrir Stóru upplestarkeppnina.

Bryndís Bjarnadóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Heilsugæsla

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku, þriðjudaga kl. 9:00 - 14:05. Verkefni hans eru m.a. líkamsskoðanir hjá nemendum í 1., 4., 7. og 9. bekk og bólusetningar samkvæmt skema frá Landlæknisembættinu.

Þá er heilbrigðisfræðsla í 1. og 2. bekk þar sem fjallað er m.a. um handþvott, tannvernd og fræðslu um hjálma. Kynfræðsla og fræðsla um kynheilbrigði fer fram í 6., 7., 9. og 10. bekk. Fræðsla um tannheilsu og tannburstun í 1., 4. og 7. bekk og um hollustu og hreyfingu í 3., 5. og 8. bekk, einnig um líkamsímynd í 8. bekk. Fræðslan er í samráði við bekkjarkennara, náttúrufræðikennara, heimilisfræðikennara og fleiri.

Á viðverutíma leita nemendur til hjúkrunarfræðings með ýmis mál. Algengast er eftirlit með smásárum, minni háttar tagnunum og þess háttar, beiðnir um eftirlit eins og t.d. að mæla hæð og þyngd sem og að athuga sjónskerpu.

Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Við höfum undirbúning upplestrarkeppninar með upplestri 4. bekkjar á sal, 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu.

- Við skráðum okkur í keppnina um miðjan janúar 2018.
- Fyrsta æfing fór fram í kennslustund 14. janúar. Allir nemendur 4. bekkjar, þrettán talsins, tóku þátt.
- Höfum upp frá því æft einu sinni til tvisvar í viku.

Upplestrarhátíðin sjálf var svo haldin fimmtudaginn 26. apríl í sal tónlistarskólans sem starfar í sama húsi og grunnskólinn. Boðsgestir voru foreldrar og nemendur 3. bekkjar.

Lára Gunndís Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri setti hátíðina, bauð gesti velkomna og gerði grein fyrir keppninni og markmiðum hennar. Síðan lék drengur úr 3. bekk á gítar og stúlka úr sama bekk lék á píanó á milli atriða. Nemandi úr hópnum sá um kynningu atriða og fórst það vel úr hendi.

Sérstakir gestir voru þrír nemendur úr 7. bekk sem stóðu sig hvað best í *Stóru upplestrarkeppninni* og lásu upp hluta af því sem þeir lásu þar.

Gerður var góður rómur að upplestrinum og börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem buðu gestunum upp á kaffi, djús, muffins og gular páskakökur sem þeir bökuðu sjálfir í heimilisfræði af þessu tilefni.

Það er okkar mat að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Leggjum við því til að þessi viðburður verði árlegur í skólastarfinu hér í Varmahlíðarskóla.

Sara Gísladóttir, Ragnheiður Sövik



Náms og starfsráðgjöf

Skólaárið 2017-2018 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara auk þess sem hann sat Nemendaverndarráðsfundi.

Haldinn var kynningarfundur í samstarfi við FNV þar sem nemendur 9. og 10. bekkjar og foreldrar þeirra fengu kynningu á FNV. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans auk þess sem þeir fóru yfir innritunarferlið. Einnig gafst 9. og 10. bekkjum kostur á að kynna sér námsframboð og húsakynni VMA og MA þegar farið var á undankeppni Skólahreysti á Akureyri. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar í vetur en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Nemendaráð

Markmið hjá nemendaráði í vetur voru m.a. að:

- Kynna sér lög um nemendaráð skv. grunnskólalögum
- Fylgja eftir kosningalofoðum meðlima. Þau sem náðust voru:
 - Koma hugmyndum krakkanna á framfæri
 - Fá nýjan sófa fyrir 8. bekk
 - Útvega nýjan pool kjuða
 - Koma á meira samstarfi milli skóla
 - Auka samstarf milli skóla í firðinum, bjóða t.d. Hofsósingum á diskótek hérna í skólanum
 - Koma skoðunum allra á framfæri
 - Taka vel á móti 7. bekk í félagsmál
 - Koma á FIFA keppni
- Þau sem náðust ekki:
 - Hafa punktakerfi fyrir kennara
 - Formenn ætla að hafa samband við aðra formenn nemendaráðs í firðinum
 - Hafa eitthvað að selja á böllum sem eru hér t.d. pizzur
 - Komast niður í KS í frímínútum
 - Fækka ljóðalestri hjá Trostani
 - Fella niður verðlaunaafhendingar á skólaslitum
 - Allir fá eitthvað jákvætt í staðinn
 - Gera kórónur eða borða handa nemendum á skólaslitum
- Koma upp starfsreglum fyrir nemendaráð skv. lögum;

Auk kosningaloforða vannst ýmislegt í vetur. Eitt stærsta málið var að bjóða unglingadeild Hofsósskólans til samstarfs og á féló. Það náðist 1. mars þegar Hofsósingar ásamt umsjónarkennara sínum mættu á vísí að nemendapingi, féló og diskó. Fyrri part þings fengu þau fyrirlestur um netnotkun, sem samráðsnefnd um netnotkun barna í Skagafirði setti saman. Seinni hlutann var eiginlegt þing þar sem nemendur í hópum ræddu málefni sem nemendaráð lagði fram.



Íris Olga Lúðvíksdóttir

Nýsköpunarkeppni grunnskóla



Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk, þar sem farið var inn á heimasíðu keppinnar og skoðuð myndbönd og kynningarefni. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tækju þátt eða ekki, en langflestir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í pörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrurfræði til að vinna að hugmyndaþróun. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkið heim og kláruðu það þar. Héðan úr skólanum fóru rétt um 30-40 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Það kom svo á daginn að fjórir nemendur úr Varmahlíðarskóla komust áfram í keppninni. Það voru þeir Trausti Helgi Atlason og Trausti Ingólfsson úr 5. og 6. bekk með hugmyndina *rúlluendastimpill*. Úr 7. bekk fóru þær Lydíja Einarsdóttir og Þóra Emilía Ólafsdóttir en þær voru með *sauðfjárteljara*.

Það voru hugmyndaríkir krakkar úr 5. – 7. bekk sem komust áfram í vinnustofur og úrslit keppinnar með samtals 26 hugmyndir. Vinnustofurnar stóðu yfir í tvo daga og hófust fimmtudaginn 24. maí. Börnin unnu í tvo daga í HR að hugmyndum sínum, útbjuggu frumgerðir og kynningarspjöld sem voru til



sýnis á lokahófinu. Einnig unnu börnin í vinnusmiðju í Arion banka að fjármálalæsi. Í vinnusmiðju NKG beittu hugmyndasmiðirnir sköpunargáfu sinni við að útfæra hugmyndir sínar í það form sem lýsir henni best, með smíðum, saumum, teikningum, forritun og framsagnarþjálfun. Til leiðsagnar voru kennarar og nemendur HR og HÍ, fulltrúar frá SKEMA, FAFU og JCI á Íslandi. Í lokahófi voru veitt verðlaun í þremur aðalflokkum og viðurkenningar í nokkrum vinningsflokkum NKG. Þeir Trausti Helgi Atlason og Trausti Ingólfsson unnu Tæknibikar Pauls Jóhannssonar fyrir framúrskarandi tæknilega útfærslu með hugmynd sína Rúlluendastimpill.



Ólafur Atli Sindrason og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjóri var Lára Gunndís Magnúsdóttir. Fimm lykilmenn, þeir Linda Gunnarsdóttir, Helga Rós Sigfúsdóttir, Sara Gísladóttir, Helga Sigurðardóttir og Birgitta Sveinsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt verkefnastjóra.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Á Olweusardaginn, þann 8. nóvember, var nemendum skólans skipt í hópa. Hóparnir unnu saman að verkefnum tengdum samskiptum og einelti, einnig var horft á fræðslumynd um reynslu Sölu Sólaf af einelti. Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendum í 4. - 10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans. Minna einelti mældist í skólanum nú í ár en í fyrra.

Lára Gunndís Magnúsdóttir

Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennsla og stuðningur við nemendur annast kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fe fram í bekkjarstofu eða í sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur deildarstjóri stoðþjónustu, Sara Regína Valdimarsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og /eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingi, Greiningarstöð ríkisins og öðrum. Einn liður í að greina erfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa.

Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagfirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Þá voru í fyrsta sinn notuð lestrarpróf, Lesferill, sem gefin eru út af Menntamálastofnun og eru lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófniðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október.
- Lesferill. Leshraðapróf lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans í september, janúar og maí. Fylgiprófin sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysur eru lögð fyrir í ákveðnum árgöngum.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum Lesferils um leshraða.
- Hraðapróf í lestri (atkvæðapróf) 4-5 sinnum að vetri í 2.-7. bekk.
- Talnalykill (stærðfræðiskimun) eftir áramót í 6. bekk.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Ávallt er gengið út frá bekkjarnámskrá og einstaklingsnámskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Þegar einstaklingsáætlun iggur fyrir er hún send heim til kynningar og samþykktar foreldra. Einstaklingsáætlun er metin af stuðningskennara í janúar og maí og skrifuð skýrsla. Sem dæmi um úrræði má nefna aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, notkun vinnubóka á rafrænu formi og notkun talgervla eins og Easy Tutor og Voice Dream Reader. Með spjaldtölvuvæðingu nemenda verður enn betur hægt að laga kennsluáðstæður og námsefni að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Lagt er kapp á gott samstarf við heimili nemenda því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í mörgum tilfellum eru haldnir reglulegir teymisfundir með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskaþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Æskilegt væri að vinnureglan væri sú að vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta beri að halda 4 teymisfundi á ári að jafnaði.

[Náms- og starfsráðsgjafi.](#)

Náms- og starfsráðsgjafi starfar við skólann í 50% starfi.

[Nemendaverndarráð](#)

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 - 8 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur, skólafulltrúi og fulltrúi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar. Sálfræðingur fræðsluþjónustu sat tvo fundi á skólaárinu, einn að hausti og annan að vori. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kom tvisvar í mánuði í Varmahlíðarskóla og sinnti nemendum auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila.

Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnti greiningarvinnu við skólann í vetur. Hann kemur aðeins einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Hans vinna er því eingöngu greiningarvinna en einnig hefur hann boðið upp á símaráðgjöf við kennara einu sinni í mánuði. Málum vegna félagslegra vandkvæða og/eða tilfinningalegrar líðanar sem vísað er til sálfræðings eða sálfræðiráðgjafa hefur fjölgað mjög síðastliðna vetur.

Þá hefur skólinn á vegum Fjölskylduþjónustu aðgang að sálmeðferðarfræðingi sem hefur hitt nokkra nemendur skólans.

Sara R. Valdimarsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Skólablaðið

Það er orðin venja að gefa út skólablað í tengslum við árshátíð yngri nemenda. Vegna anna tókst ekki að vera með blaðið tilbúið á árshátíð yngri nemenda. Því var ákveðið að selja blaðið á skólaslitum þann 30. maí. Blaðið var selt á 1.000 kr. og eru þessir peningar nýttir í þágu nemenda. Skólablaðið var prentað í 60 eintökum og voru 44 blöð seld. Auglýsingar fengust frá Lýtingsstöðum fyrir 10.000 kr., Bakkaflöt fyrir 3.000 kr. og Hestasporti fyrir 3.000 kr.

Kom upp sú hugmynd að vera með þemadaga næsta skólaár í kringum árshátíð yngri nemenda þar sem verið væri að vinna að skólablaðinu og myndu allir taka þátt, bæði nemendur og kennarar. Við lendum mjög oft í tímahraki með vinnuna við blaðið.



Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir

Skólahreysti

Í vetur var kennd Skólahreysti í valtímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiprautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Skólahreystikeppni í Norðurlands- og Akureyrarriðli fór fram á Akureyri 21. mars. Lið Varmahlíðarskóla sem keppti var valið með ýmsum tímatökum og útreikningum og var keppni hörð um að komast í liðið í ár en það fór svo að Guðmundur Smári Guðmundsson og Guðný Rúna Vésteinsdóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni, Stefanía Sigfúsdóttir og Davíð Einarsson í hreystiprautum og Daníel Francisco og Freydís Þóra Bergsdóttir sem varamenn. Farið var með 8.-10. bekk til Akureyrar til að styðja við keppendur í undanriðli skóla á Norðurlandi og var tíminn einnig nýttur til að skoða framhaldsskóla á Akureyri. Liðinu okkar gekk allt í haginn, voru í efsta eða efstu sætum í öllum greinum og stóðu þá uppi sem sigurvegarar riðilsins annað árið í röð við mikinn fögnuð viðstaddra. Um 120 skólar af öllu landinu taka þátt í Skólahreysti og er það vel að verki staðið að komast í 12 liða úrslitin í Laugardalshöll í Reykjavík, Varmahlíðarskóli hefur komist fjórum sinnum í úrslit á seinustu sex árum. Þann 2. maí var svo brunað af stað aftur með 8.-10. bekk og ferðin einnig notuð í að fara á Safnasafnið og í Smáratívolí þar sem var borðað og leikið. Stuðningsmennirnir mættu svo eldhressir í Höllina um kl. 19 til að styðja sinn skóla og hafa sem mest læti en bleika liðið var að sjálfsögðu lang flottast í allskonar búningum og með flögg og einhverjar furðuverur þvældust líka með. Keppendur okkar stóðu sig með stakri þryði og enduðu í 4. sæti eftir mjög harða keppni en einungis ½ stig skildi að þriðja og fjórða sætið. Haldið var aftur heim á leið um kl. 23 og mikið sungið og spjallað alla leiðina. Hópurinn gisti svo í skólanum við heimkomu og vaknaði við hressandi bjölluna um morguninn.

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Stóra upplestrarkeppnin

Eins og undanfarin ár tók 7. bekkur Varmahlíðarskóla þátt í Stóru upplestrarkeppninni, en hún hefst formlega 16. nóvember ár hvert á Degi íslenskrar tungu. Upphaflega byrjaði þetta upplestrarátak í Hafnarfirði 1997 en því hefur síðan vaxið fiskur um hrygg og er nú orðið að viðurkenndri landskeppni sem er formlega í höndum Radda sem eru samtök um vandaðan upplestur og framsögn.

Héraðskeppnin er svo í höndum skólaskrifstofu hvers héraðs, en þjálfun nemendanna er í höndum umsjónarkennara bekkjanna.

Upplestrarkeppnin í Varmahlíðarskóla fór fram þann 28. febrúar í setustofu skólans að viðstöddum foreldrum, nemendum 5. og 6. bekkjar auk annarra gesta. Dómarar keppinnar voru þau Ingibjörg Hafstað, Bjarni Maronsson og Svanhildur Pálsdóttir.

Sögðu þau það ekki hafa verið auðvelt verk að loknum upplestri nemendanna að velja fulltrúa í héraðskeppnina þar sem allir 7. bekkingar hefðu komið þryðilega fyrir og flutt vel bæði ljóð og sögu en þeir nemendur sem valdir voru til þátttöku í héraðskeppnina voru Lydía Einarsdóttir og Jóel Agnarsson sem aðalmenn og Finnur Héðinn Eiríksson til vara.

Héraðskeppnin var síðan haldin 20. mars kl. 17:00 í sal Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Þess má geta að Lydía lenti í þriðja sæti í héraðskeppninni.

Þann 13. mars fór bekkurinn og flutti annað hvort sögulestur eða ljóð fyrir eldri borgara á Löngumýri við góðar undirtektir. Að flutningi loknum var boðið upp á djús, kleinur og pönnukökur.

Einnig voru þrjú þeirra sérstakir gestir á Litlu upplestrarkeppni 4. bekkjar og lásu þar upp við góðar undirtektir.

Sigrún Benediktsdóttir umsjónarkennari 7. bekkjar

Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans Tröllaskaga

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga. Tilgangurinn með þessari keppni er að auka áhuga nemenda á stærðfræði og þrautalausnum og efla tengsl grunnskóla á Norðurlandi vestra við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólann á Tröllaskaga. Öllum nemendum í 9. bekk á Norðurlandi vestra, í Fjallabyggð og á Dalvík var boðin þátttaka. Tveir nemendur úr Varmahlíðarskóla, þeir Jón Hjálmar Ingimarsson og Hafsteinn Máni Björnsson komust áfram eftir forkeppnina.

Lára Gunndís Magnúsdóttir

Sveitadagar vorið 2018

Sveitadagarnir voru fjórir að þessu sinni, dagana 11.-16. maí. Eins og síðastliðin ár, tóku allir nemendur skólans þátt í verkefninu. Nemendum var ætlað að sinna ýmsum störfum í sveitinni og gera skil á verkum sínum með ýmsu móti. Svo sem skrifa dagbók um hvað á daga þeirra hafi drifið, taka stuttmyndir og svara nokkrum spurningum. Flestir nemendur unnu heima en aðrir voru í vist hjá vinum og vandamönnum. Nemendur og viðtakendur þeirra þurftu að fylla út matsblað um hvernig gekk og er óhætt að segja að allir sem þeim svöruðu hafi verið mjög jákvæðir og tilbúnir í svona verkefni að ári. Samkvæmt matsblöðunum voru nemendur yfirleitt vinnusamir og jákvæðir og skemmtu sér hið besta.

Lára Gunndís Magnúsdóttir

Tölvu- og upplýsingatækni

Á haustmánuðum var þeim áfanga náð að allir nemendur í 5.-10. bekk voru komnir með iPad 1:1. Mikil og ör þróun er í breytingum á kennsluháttum samhliða aukinni tækjanotkun í kennslu og hefur Ingvi Hrannar Ómarsson kennsluráðgjafi verið til ráðgjafar við innleiðingu og notkun iPad í skólastarfinu.

ChromeBook tölvur skólans í nemendanotkun eru 21 stk. Einnig á skólinn 4 MacBook fartölvur sem hafa ásamt Chromebook verið til útláns í bekkina eftir þörf. Frá hausti voru 16 ChromeBook í tölvustofu og 5 til notkunar í bekkjunum. Í mars barst skólanum styrkur frá Forriturum framtíðarinnar í formi tækjabúnaðar. Skólinn fékk 15 PC borðtölvur sem nú eru staðsettar í tölvustofu skólans. Allar Chromebook tölvurnar eru því komnar á vagna og hefur dagleg notkun tækjanna aukist verulega í kennslustofum skólans.

Innkoma iPada og Chromebook í skólastofurnar hefur breytt vinnu- og námsumhverfi nemenda til muna. Lagt er upp með að tæknin og tækin séu námstæki og að ný vinnubrögð auki fjölbreytni og möguleika til einstaklingsmiðunar í námi. Að áherslan aukist á nemandann vinnubrögð hvers og eins.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun kennsluhátta með auknum tækjabúnaði. Náms- og kennsla er sífellt í endurskoðun með tilliti til tækni og nýrra þarfa atvinnulífs og samfélags. Ánægja er meðal nemenda, foreldra og kennara með þróun kennsluhátta og notkun tækni en það er líka brýn þörf á samvinnu og samstilltu átaki heimila og skóla. Að tækninni sé búin sú umgjörð að hún sé til gagns en ekki trafala. Í athugun er að velja fremur Chromebook tölvur 1:1 fyrir verðandi 5. bekk en iPada m.a. vegna gagnrýnisjónarmiða foreldra varðandi leiktækjanotkun iPada sem vandkvæði virðast vera með að ná ásættanlegri stjórn á.

Hanna Dóra Björnsdóttir

Valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur velja námskeið tvisvar á ári, annars vegar að hausti og hins vegar við annaskipti í janúar. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22% af kennslu nemenda í unglingadeild og verður það einnig næsta skólaár. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. List- og verkgreinar voru að venju stærsti hluti valsins. Kennt var í námskeiðsformi 4x í viku, 80 mínútur í senn. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá framboð valgreina undanfarnar annir.

Valgreinar - haustönn	Kennari
Almenn matreiðsla Bakstur Íþróttaval Fab Lab Fjölmiðlun Ha?Aha! Heilbrigði og hreysti Kór Leikskólaval Listasmiðja Málmsmíði Myndlist Skólahreysti Smíðar Stuttmyndagerð Textílmennt Tæknileg UTN fjarnám fyrir 10. bekk	Bryndís Bjarnadóttir Bryndís Bjarnadóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Ólafur Atli Sindrason Trostan Agnarsson Bryndís Bjarnadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Helga Rós Sigfúsdóttir Starfsfólk leikskólans Íris Olga Lúðvíksdóttir Einar Örn Einarsson Íris Olga Lúðvíksdóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir María Eymundsdóttir Íris Olga Lúðvíksdóttir Þýrey Hlífarsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Valgreinar- vorönn	Kennari
Almenn matreiðsla Bakstur Bókarýni Fab Lab Fiskur úr sjó Ha?Aha! Heilbrigði og hreysti Íþróttaval Leikskólaval Land, líf og söngur Málmsmíði Myndlist Skólahreysti Smíðar Spilaval Textílmennt Tæknileg UTN fjarnám fyrir 10. bekk Hestamennska IKG 102	Bryndís Bjarnadóttir Bryndís Bjarnadóttir Ólafur Atli Sindrason Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Bryndís Bjarnadóttir Trostan Agnarsson Bryndís Bjarnadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Starfsfólk leikskólans Trostan Agnarsson Einar Örn Einarsson Íris Olga Lúðvíksdóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir María Eymundsdóttir Íris Olga Lúðvíksdóttir Þýrey Hlífarsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Í samvinnu við Háskólann á Hólum Í samvinnu við FNV

Grunnskólanemendum á Norðurlandi vestra hefur verið boðið að sækja nám í áfanganum IKG 102 við FNV á Sauðárkróki. Kennt var tvær helgar, í febrúar og mars. Meginmarkmið þessa verkefnis er að ná til nemenda utan Sauðárkróks. Nemendur úr 9. bekk fengu þetta tilboð og að þessu sinni nýttu 14 nemendur sér það. Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekkina á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 16 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í febrúar.

Nemendur fengu sem fyrr að koma með sínar hugmyndir að valgreinum og var reynt að taka tillit til þess í framboði á valgreinum.

Lára Gunnðís Magnúsdóttir

Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Guðjón Örn Jóhannsson og Gestur Sigurjónsson hafa haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 6. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf t. skólaár í senn. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 6. bekk, stelpu og stráka, eða 12 yfir skólaárið.

Í vetur var verkefnið einnig á unglingastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera. Þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapa þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

Hafdís Edda Stefánsdóttir, Sara Gísladóttir og Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir



Vorferð 1.-4. bekkjar

Miðvikudaginn 23. maí lögðu nemendur 1.-4. bekkjar í ferðalag með nesti og nýja skó.

Við byrjuðum á að fá okkur morgunmat kl. 8:30 og smurðum okkur nesti. Um níu leytið lögðum við af stað út á Sauðárkrók og þar skoðuðum við Mjólkursamlagið og Puffin and friends safnið, í tveimur 20 barna hópum. Gekk það mjög vel.



Um kl. 11:30 lögðum við af stað út á Reyki á Reykjaströnd þar sem við settumst niður og borðuðum nesti, skoðuðum fjöruna, Grettislaug og lékum okkur á leiksvæðinu. Þá var ekið til baka í Litla skóg, þar sem við fengum okkur kókómjólk og kex og lékum okkur í smástund. Ferðin endaði svo á ís á N1.

Sara Gísladóttir, Þyrey Hlífarsdóttir, Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Guðlaug Skúladóttir.



Vorferð 5. og 6. bekkjar

Eins og undanfarin ár var farin hjólaferð í Heiðarland, gangnamannakofa Blöndhlíðinga en hann er staðsettur við rætur Öxnadalshéiðar að vestan. Farið var á þriðjudegi og var byrjað á að borða morgunmat í skólanum og smyrja samloku í nesti sem yrði borðuð síðar um daginn. Um morguninn hlustuðum við á söguna af Skeljungum og horfðum á myndband af Youtube sem nemendur Varmahlíðarskóla gerðu árið 2009 um Grím Skeljungsbana. Einnig hlustuðum við á söguna af Bólu og Miklabæjar Sólveigu. Mikilvægt er að fara yfir sögurnar til að geta bent nemendum á kennileiti. Hægt væri að byrja fyrr og vinna meira með þær. Hádegismatur kl. 11 og lagt af stað með rútu um kl.



Gætt sér á nesti við Kotárgil

12:00. Ekið sem leið lá að Skeljungshöfða sem er rétt við afleggjarann á Kjálka. Nemendur fóru með rútu en bíll með kerru flutti flest hjólin og var hann með í för alla leið í skálann. Við Skeljungshöfðann stukku allir á bak hjólhestum sínum og var hjólað sem leið lá eftir gamla þjóðveginum með stoppi við Kotárgil. Þar var borðað nesti. Næst var stoppað við bæinn Kot svona til að kasta mæðinni og sameina hópinn. Þegar komið var í skálann tengum við okkur



Hjólreiðakappar ferðarinnar

heitt kakó og kex. Eftir það var svefnloftið kannað og svo farið út að planta, vaða og leika sér. Um kvöldið voru grillaðar pylsur, gripið í margskonar spil og sungið, auk þess að ærslast á svefnloftinu. Alla vega gekk að koma nemendum í ró þar sem nokkrir voru með svolitla heimþrá. Tveir nemendur voru sóttir sem var ákveðið fyrirfram en það varð til þess að sumir nemendur áttu erfiðar með sætta sig við að vera fjarri fjölskyldu sinni.

Nokkrir nemendanna voru vaknaðir um klukkan sex en allir voru komnir á ról um klukkan 8:00 og fengu sér morgunverð, húsið var þrifið hátt og lágt og gengið frá öllu. Lagt var af stað til baka um kl. 10:20 og hjólað að Kotárgili með nokkrum stoppum. Fengum við okkur smá hressingu áður en gengið var upp í gilið, alla leið að fossinum. Allir fóru inn að fossi en það sem skyggði á annars yndislega gönguferð voru 6 dauðar rollur og ein dauð geit í ánni. Rútan sótti okkur að Kotárgili, hjólin voru sett á kerru og haldið af stað í skólann. Við stoppuðum við Skeljungshöfðann og skoðuðum Skeljungssteininn. Við vorum komin í skólann um kl. 13:15 en þar beið okkar matur. Eftir matinn fórum við í sund sem við teljum nauðsynlegt.

Með í ferðinni voru Kristvina og Sigurlína sem hjóluðu með nemendum. Á bílnum var Bryndís báða dagana en hún var sótt um 15:30 fyrri daginn og var keyrð til okkar og komin um 9. Ákveðið öryggi er að hafa bíl á staðnum ef eitthvað óvænt kemur upp á.

Frábær ferð sem gekk mjög vel í alla staði☺

Kristvina Gísladóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Vorferð 7. og 8. bekkjar

Dagurinn byrjaði á að nemendur fengu sér morgunmat og smurðu sér nesti fyrir daginn. Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla kl. 8:45 og lá leiðin til Akureyrar. Þar var byrjað á því að fara í lðnaðarsafnið, það skoðað og farið svo í ratleik um safnið sem gekk vonum framar. Þaðan lá leið okkar á Greifann þar sem beið eftir okkur frábært pizzahlaðborð, brauðstangir, franskar og gos. Næst lá leið okkar á Flugsafnið þar sem Gestur Einar Jónasson tók á móti okkur og sýndi okkur safnið. Kjarnaskógur var næsta stoppistöð en þar fóru nemendur í leiktæki sem eru víða í skóginum. Að lokum var farið á Glerártorg þar sem nemendur áttu frjálsan tíma, keyptu sér ís eða eitthvað smálegt. Brottför frá Akureyri var um kl. 15:40 og vorum við komin í Varmahlíð kl. 17:00.

Helga Sigurðardóttir, Sigrún Benediktsdóttir, Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir, Sif Káradóttir og Sigrún Gylfadóttir

Vorferð 9. bekkjar

Er líða fór að vori kom ferðahugur í nemendur 9. bekkjar eins og fjölmarga aðra. Þeir höfðu á þessu skólaári farið til Reykjavíkur og Akureyrar þegar lið skólans keppti í Skólahreysti og var því ekki talin ástæða til þess að leggja í langferð.

Ákveðið var að skoða heimabyggðina og má því segja að þessi ferð hafi verið eins konar framhald af verkefninu Skín við sólu. Best var talið að fara í stutta og hressandi gönguferð um slóðir sem eru að nokkru kunnuglegar en þó um leið framandi.

Þriðjudaginn 22. maí var lagt af stað út í blítt sunnanveður. Voru allir vel mettir og nestaðir og átti því ekkert að geta komið í veg fyrir ævintýri á gönguför. Valið var að ganga með vindinn í fangið og miðaði vel, enda göngugarpar þróttmiklir, a.m.k. framan af.

Þegar komið var fram að Saurbæ var farið yfir ána og stefnu breytt lítillega. Stefnan var tekin á Reykjatunguna og var reynt að þræða skemmtilegar og góðar gönguleiðir sem buðu upp á þá skemmtun sem nauðsynleg er í svona ferðum, eins og að fara yfir mýrar, skurði, þýfi, og niður töluverðan bratta svo að eitthvað sé nefnt.

Aldamótaskógurinn beið eftir ferðalöngunum sem sigrast höfðu á þrautunum sjö og var þá loksins hægt að setjast niður og hressa sig á nestinu. Þegar þar var komið sögu var orðið ljóst að ekki ynnist tími til þess að ganga alla leið til baka. Úr varð að gengið var í Steinsstaðahverfið og voru skipulagðar bílferðir þaðan í skólann.

Gönguferðin úr Varmahlíð og í skógin tók nærri þrjá tíma, með fáeinum stoppum.

Trostan Agnarsson og Íris Olga Lúðvíksdóttir

Þróunarverkefni

Forritun – Forritarar framtíðarinnar

Skólanum hlotnaðist styrkur í byrjun árs 2018 frá Forriturum framtíðarinnar til endurmenntunar kennara auk tækjabúnaðar. Markmiðið er að forritun verði kennd á öllum stigum skólans og að unnin sé samfelld skólanámskrá í UT-forritun fyrir 1.-10. bekk. Undirbúningur hófst vorið 2018 með námskeiði kennara og skólaheimsókn 5 kennara af mið- og unglingastigi í Árskóla á Sauðárkróki. Álfhildur Leifsdóttir hélt námskeið í tveimur lotum fyrir alla kennara skólans í forritun til að undirbúa innleiðingu í forritunarkennslu í öllum árgöngum frá og með haustinu 2018.

Leiðin að leiðsagnarmati í stærðfræði – yngsta stig

Í janúar hófst vinna við þróunarverkefni í stærðfræði á yngsta stigi sem áframhald verður á fram í desember 2018. Með styrk úr Sprotastjóði var skólanum gert kleift að leita leiðsagnar frá Miðstöð skólaþróunar á Akureyri og fékkst Þóra Rósa Geirsdóttir sérfræðingur til að taka að sér ráðgjöf og kennslu. Aðaláherslur verkefnisins eru á leiðsagnarmat, markmið og kennsluaðferðir í stærðfræði á yngsta stigi. Meðal markmiða er að innleiða markvissa notkun leiðsagnarmats, að auka þekkingu og færni kennara við að greina stöðu nemenda við upphaf stærðfræðináms og að stærðfræðikennarar öðlist meiri þekkingu á fjölbreyttum kennsluháttum ásamt því að vinna í námskrá að markmiðasetningu 1.-4. bekkjar í stærðfræði. Fjórir kennarar yngsta stigs tóku þátt í verkefninu, ásamt aðstoðarskóllastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu sem jafnframt er verkefnisstjóri verkefnisins. Í maí fór hópurinn í skólaheimsókn í Grunnskóla Fjallabyggðar til að kynna sér stærðfræðikennslu á yngsta stigi hjá Ólöfu Kristínu Ásgeirsdóttur.

Undirbúningur er hafinn að öðrum hluta á sambærilegu þróunarverkefni með stærðfræðikennurum á miðstigi frá næsta hausti.

[Lestrarstefna Skagafjarðar](#)

Áfram hefur verið unnið að innleiðingu lestrarstefnu Skagafjarðar í Varmahlíðarskóla. Niðurstöður sjálfsmats endurspeglar að vel er staðið að lestrarkennslu við skólann og að metnaður er lagður í efla lestur og lesskilning nemenda. Samhugur ríkir um mikilvægi þess að umhverfi nemenda sé lestrarhvetjandi og gott aðgengi að bókum. 20 mínútna yndislestur á dag er að festa sig í sessi og aukin krafa á eldra stigi er nú á eftirfylgni þess að unglingarnir lesi. Lesfimiþróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir alla árganga skólans.